

Fundargerð fimmtudaginn 5. mars 2026

Mættir á skrifstofu félagsins: Árni Sverrisson, Einar Eiríksson, Gísli Valur Arnarson, Tryggvi Eiríksson og Páll Ægir Pétursson

Á fjárfundi: Pálmi Gauti Hjörleifsson, Heimir Karlsson, Kristinn Hólm, og Vignir Traustason

Formaður (ÁS) bauð alla velkomna og setti fundinn kl. 12:30.

### Dagskrá stjórnarfundar

1. Yfirlit yfir verkefni frá síðasta stjórnarfundu. Fiskverðsmál.
2. Fagráð um siglingar – kynning á verkefnum ráðsins. Páll Ægir.
3. Sameining VSS, Fiskistofu og Mast, sjá samráðsgátt [hér](#)
4. Önnur mál
  - a. Heiðranir á næstkomandi sjómannadegi.
  - b. Örstutt um stöðuna á Laugarvatni

#### Yfirlit yfir verkefni frá síðasta stjórnarfundu. Fiskverðsmál

Formaður greindi frá nýlegu samkomulagi um fyrirtækjapátt kjarasamnings hjá Arnarlax ehf., sem undirritað var 11. febrúar sl.. Kosið var um samkomulagið, og yfirgnæfandi meirihluti starfsmanna í sjódeild, þar á meðal bæði skipstjórnarmenn og fóðrarar, studdu samkomulagið. Formaður fjallaði einnig lauslega um aðra kjarasamninga og vinnu LEX vegna ýmissa mála, auk þess sem hann minntist á mál sem LEX vinnur að tengd launum skipstjórnarmanna á hvalbátum vegna þess að vertið féll niður og hjá Hafró vegna ofgreiddra launa.

#### Fagráð siglinga

Páll Ægir kynnti helstu mál sem fagraðið hefur fjallað um undanfarið ár, eða frá því að hann tók við sem formaður fyrir ári síðan. Þar má nefna ýmsar kynningar frá Landhelgisgæslunni, Tækniskólanum og Samgöngustofu. Einnig hafa farið fram umræður um strandsiglingar, lög um leiðarmerki og öryggi siglinga, hættumat um borð í skipum, hafnsögu og leiðsögn skipa, sem og tillögur tengdar öryggissátt. Jafnframt var fjallað um menntun í siglingatengdum greinum. Páll Ægir kynnti einnig störf vinnuhóps sem hefur lagt fram tillögur um leiðsöguskyld svæði fyrir skemmtiferðaskip við Ísland, menntun leiðsögumanna og aðra þætti sem tengjast því máli.

#### Sameining VSS, Fiskistofu og Mast

Markmið sameiningar Matvælastofnunar, Fiskistofu og Verðlagsstofu skiptaverðs er að einfalda þjónustu við atvinnulífið, fækka samskiptaleiðum og skýra ferla með öflugri og skilvirkari stofnun sem mun hafa starfsstöðvar víða um land. Frumvarpið gerir einnig ráð fyrir að matvælaeftirlit sem nú er í höndum heilbrigðiseftirlita sveitarfélaga verði flutt til nýju sameinuðu stofnunarinnar. Félag skipstjórnarmanna, Sjómannasambandið og VM sendu inn sameiginlega umsögn og mótmæltu sameiningunni á þeim forsendum að Verðlagsstofa skiptaverðs hefur lögbundnu hlutverki að gegna með lögum frá 1998 um að fylgjast með því að rétt sé gert upp við sjómenn.

#### Önnur mál

ÁSV var í sambandi við Sigfús Ólaf Helgason vegna næstkomandi sjómannadag á Akureyri, en við stefnum á að heiðra skipstjórnarmenn þar. Minnismerki um síðutogara verður vígt á Akureyri á sjómannadaginn, við styrktum gerð minnismerkisins um 500.000 kr. og styrktum andvirði eins bekkjar við minnismerkið um 100.000 kr. Stefnt er að endurvakningu sjómannadagsráðs Akureyrar undir forystu Sigfúsar, Pálmi Gauti verður fulltrúi félagsins, og Kristinn Hólm mun vera með honum. Með þeim verða Trausti Jörundsson og annar frá Sjómannafélagi Eyjafjarðar.

Staðan á Laugarvatni var rædd. Leitast er við að tryggja sölu á eigninni og áhugasamir aðilar hafa haft samband. Vonast er til að eignin seljist bráðlega því þetta er án efa tækifæri fyrir aðila sem vilja koma sér upp sjálfstæðum rekstri við útleigu sumarhúsa.

Formaður kynnti dagbækur sem Sjómannasamband Íslands lét gera, sem og VM. Stjórnarmenn töldu ekki ástæðu til að prenta slíkar bækur, en Pálmi Gauti benti á að menn myndu líklegar nota drykkjajrkönnur með logoi félagsins á.

Heimir Karlsson óskaði eftir að tvö mál yrðu skoðuð, annars vegar réttindi 60 ára sjómanna sem skilað hefðu 4.500 lögskráningardögum, þeir gætu sótt um til Sjúkratrygginga og fengið tiltekna afslætti vegna sjúkrakostnaðar, þar á meðal tannlækninga. ÁSV sýndi færslu á heimasíðu frá 2019 þar sem umsóknarferlinu er lýst. Menn sammála um að ÁSV myndi uppfæra færsluna og endurbirta hana.

Heimir nefndi hins vegar erfiðleika með hásetafræðslu, Eimskip væri að gefast upp á Stýrimannaskólanum. Þrátt fyrir að Eimskip útvegaði kennara væri í umræðunni að senda menn til Færeya vegna þess hve skólinn stæði illa að framboði og kennslu.


Rætt um úthlutun orlofshúsa, að skerpa á reglum þar um, þ.e.a.s. kerfið er þannig nú að á hverju tímabili er hægt að sækja um einu sinni til tvisvar. Ef menn þurfa eða vilja sækja um oftár innan tímabils, þurfa menn að hafa samband við skrifstofu. Það verður lagfært.

Rætt um að skipstjóri með áratuga reynslu sem skipstjóri hefði verið krafinn um sönnun þess að hann hefði réttindi með því að sýna prófskírteini. ÁSV sagðist gera fyrirspurn um málið til Samgöngustofu.

Ekki voru fleiri mál rædd og fundi slitið kl. 13:47



Árni Sveinsson formaður



Páll Ágir Pétursson fundarritari